

Morgunblaðið/RAX

Glerverk „Færri þekkinga líklega verk Eyborgar, en þó hefur handbragð hennar síast inn hjá gestum á Kaffi Mokka í gegnum tíðina þar sem verk hennar hefur hangið í glugganum.“

Sjónræn erting

MYNDLIST ANNA JÓA



LISTASAFN REYKJAVÍKUR –
KJARVALSSTAÐIR | **Blik** – Samsýning
Til 8. nóvember 2009. Opíð alla daga kl.
10-17. Aðgangur ókeypis. Sýning-
arstjóri: Helgi Már Kristinsson.

Á Kjarvalsstöðum stendur nú yfir sýningin „Blik“ þar sem sýnd eru verk eftir íslenska listamenn sem tengja má Op-listinni (Op Art). Sýningunni er ætlað að hverfast um Eyborgu Guðmundsdóttur (1924-1977) en auk mynda hennar má sjá verk eftir Hörð Ágústsson, Jón Gunnar Árnason, Arnar Herbertsson, Hrein Friðfinnsson, Helga Þorgils Friðjónsson, JBK Ransu og Ólaf Eliasson.

Eyborg og Hörður voru af sömu kynslóð og unnu bæði í anda geometrískar afstraktlistar. Skyldleiki er með verkum þeirra frá 7. og 8. áratug síðustu aldar, ekki síst þar sem skálfínur eða rendur mynda uppistöðu verkanna. Margir þekkinga líklega Eyborgar, en þó hefur handbragð hennar síast inn hjá gestum á Kaffi Mokka í gegnum tíðina þar sem verk hennar hefur hangið í glugganum frá 1966. Nákvæmlega unnin og úthugsuð verk þeirra beggja ögra skynjun þess er rýrnir í þau og sér liti sem ýmist hörfa, koma á móti manni eða fara á hreyfingu við það sjónsviðsins. Í verki Eyborgar, *Tileinkun*, skapar hún rýmishlekkingu innan myndheimsins en það er hreyfing gesta í sýningarrýminu sem fullvirkjar skynrænan leik í plexíverkum frá 1967. Verkin lýsa tengslum Op-listarinnar og hreyfilistar (Kinetic Art). Í því samhengi saknar maður verka eftir Dieter Roth sem hann vann hér á landi undir slíkum formmerkjum, ekki síst flettbókanna frá 6. áratugnum. Hörður Ágústsson var jafnframt einn þeirra sem áttaði sig á framúrskarandi gildi verka Roths á þessum árum.

Listamenn sem tengjast SÚM-hópnum eiga verk á sýningunni, þ.e. Jón Gunnar Árnason, Hrein Friðfinnsson og Arnar Herbertsson. Roth hafði mikil áhrif á unga myndlistarmenn sökum tengsla sinna við evrópska framúrstefnu en einnig má ætla að afbrigðishandverk og tæknikunnátta, sem birtist einkum í upphafi ferilsins, hafi skilað sér til margra SÚM-listamanna. Stál lék t.d. í höndunum á Jóni Gunnari, en einkar faguð útfærsla spegilstálsverks hans *Gravity* magnar rým-

Hringformið, sterkir litir, mynstur, speglun, samhverfa – allt eru þetta einkenni á verkum sýningarinnar.

isblekkingu sem verkið kveikir. Sama má segja um *Epherical painting* og gólfverk (*Sundmaður*) eftir Hrein. Í nýlegu verki beirir Hreinn hólógramstækni á áhrifaríkan hátt. Vandlega útfærð mynstur í málverkum Arnars búa yfir sjónbrögðum sem minnir á útsaumsmyndun í vefnaði. Í verkum hans, og plexíverkum Eyborgar, má glögt skynja tengsl við kúbiska og fútúriska þræði sem einkenndu árdaga framúrstefnu á fyrstu áratugum sl. aldar.

Hringformið, sterkir litir, mynstur, speglun, samhverfa – allt eru þetta einkenni á verkum sýningarinnar. Formum, litum og tækni er markvisst beitt til að hafa áhrif á, bregða á leik með og blekkja skynjunina, eða til að virkja ályktunarhæfni skynfæranna. Litsterk, hringlaga form eru ráðandi í PopOp-verkum JBK Ransu þar sem skórur og hreyfing forma kveikja frá-sagnarlegar vísanir í hreyfingu plánetanna eða í fyrirbæri afþreyingarmeningar. Verk Helga Þorgils Friðjónssonar vekja vangaveltur um huglega skynjun lita, sem og myndröð Ólafs Eliassonar sem orkar á tímakennd áhorfandans, t.d. kennd fyrir ferli dögunar, sólseturs, eða kólnunar.

Verk Eyborgar eru hér sýnd í skemmtilegu rímsamhengi, en þau eru þó ekki í sérstöku aðalhlutverki. Sýningin hverfist raunar um Op-listina sjálfa (vert er að benda á skemmtilega Blik-smíðju þar sem gestum gefst kostur að átta sig á eiginleikum Op-listar). Í því samhengi sakar ekki að nefna fleiri listamenn sem þarna hefðu átt erindi. Má þar nefna tvíeykið Stephen Fairbairn og Margréti Jóelsdóttur, en þau hafa lengi unnið markvisst með sjónblekkingum. Verk eftir Sigurð Árna Sigurðsson og bræðurna Pétur og Tuma Magnússyni hefðu einnig verið við hæfi, m.a. vegna skírskotunar hinna tveggja fyrrnefndu í *trompe l'oeil*-hefðina. Þarna hefðu líka sómt sér vel málverk Eggerts Péturssonar og deplamyndir Birgir Andréssonar sem vísa aftur í rætur Op-listarinnar í impressjónisma og pointillisma. Á sinn hátt vekur „Blik“ – þetta vel til fundna Op-stefnumót – þó verðskuldada og tímabæra athygli á verkum Eyborgar Guðmundsdóttur.



Morgunblaðið/Heidd

Kassar

„Herbergin og lítill skot inn á milli kassanna bjóða upp á óvænt augnablik,“ segir í dómnun.

Í endalausri uppreisn

MYNDLIST RAGNA SIGURDARDÓTTIR



LISTASAFN REYKJAVÍKUR,
HAFNARHÚS | Yoshitomo Nara + YNG,
Innpökkuð herbergi
Til 3. janúar 2010. Opíð alla daga 10-
17, en 10-22 fim. Aðgangur ókeypis.
★★★★☆

Japanski listamaðurinn Yoshitomo Nara (1959) sýnir nú í Hafnarhúsinu, í samvinnu við Hideki Toyoshima. Samvinnan lýtur að hönnunarhlíð sýningarinnar, litlum herbergjum sem sýna verk Nara frá sérstöku sjónarhorni, eða sýna þrívíð verk hans.

Yoshitomo Nara er þekktur fyrir málverk og teikningar í stíl teiknimyndasagna. Á sýningunni í Hafnarhúsinu eru litlar skissur, teikningar, olíumálverk og skulptúrur.

Nara er gjarnan kallaður poplistamaður, en sumir frægustu poplistamenn síðustu aldar notuðu einnig teiknimyndasögur í verkum sínum, til dæmis bandaríski listamaðurinn Roy Lichtenstein. Samlíkingin nær þó varla lengra, viðhorf Nara til listarinnar og vestræns neysluheims er óhjákvæmilega ólíkt viðhorfum bandarískra pop-listamanna upp úr miðri síðustu öld. Þeir fengust við einkenni nýtilkomins neyslu-

samfélags í verkum sínum en viðfangsefni Nara er af sálfræðilegri poptónlist á yngri árum og gerir kannski enn. Poptónlist hljómar í litlu tæki á sýningunni og aðalmyndpersóna Nara er upptekin af poppi, rokki og róli. Hér birtist greinilega það samspil japanskrar og vestrænnar menningar sem er undirliggjandi í verkum listamannsins.

Líkt og japanski rithöfundurinn vinsæli Haruki Murakami heillaðist Yoshitomo Nara mjög af vestrænni poptónlist á yngri árum og gerir kannski enn. Poptónlist hljómar í litlu tæki á sýningunni og aðalmyndpersóna Nara er upptekin af poppi, rokki og róli. Hér birtist greinilega það samspil japanskrar og vestrænnar menningar sem er undirliggjandi í verkum listamannsins.

Persónan sem birtist á flestum myndum Nara er lítill stúlka í japönskum teiknimyndastíl, *manga*, með allt of stór augu og höfuð miðað við búkinn, líkamseinkenni sem við þekkjum orðið vel á vesturlöndum í gegnum leikfangaiðnaðinn og víðtæk áhrif *manga*. En ólíkt sléttum og felldum persónum teiknimyndasagna er stúlkan á myndum Nara ekki fullkomin. Enn fremur sjást stundum vinnubrögð listamannsins þar sem hann hefur strokað út og breytt, en hvort tveggja undirstrikar ófullkomeika. Stúlkan spilar stundum rokk og ról, eða heldur á vopni. Hún sýnir af sér uppreisnarkennnd tilþrif á sakleysislegan hátt, líkt og hún hermi kannski eftir þeim stóra heimi sem áhorfandinn veit að umlykur hana frekar en að Nara dragi hann beinlín-

Risavaxið andlit og stór augu stara á áhorfandann en í augunum ríkir óljós ringulreið.

is fram í verkunum. Súrrealísk áhrif birtast í óvenjulegum samsetningum, tré eða hús vaxa t.d. stundum upp úr höfði persónanna. Stúlkan er greinilega kvenkyns en kvenleikinn hljómar kannski einna helst þeim tilgangi að draga fram varnarleysi og sakleysi. Stórt málverk á endavegg er líkt og endapunktur sýningarinnar. Risavaxið andlit og stór augu stara á áhorfandann en í augunum ríkir óljós ringulreið, það er freistandi að lesa úr þeim ringulreið heimsins.

Innsetningin í heild skapar gönguleið í rýminu. Hún samanstendur af trékössum sem notaðir eru við flutning og geymslu listaverka og vísar þannig til stærra samhengis verka listamannsins. Inn á milli eru verk Nara í formi lítilla herbergja sem áhorfandinn getur gæst inn í eða jafnvel farið inn. Herbergin og lítill skot inn á milli kassanna bjóða upp á óvænt augnablik á vegferð áhorfandans um heim Nara, barnslegan og sakleysislegan við fyrstu sýn en áleitinn þegar nánar er að gáð.

Í GANGI

Kvikmyndir

Andkristur - Antichrist ★★★★★

Í anda Strindbergs teflir Trier fram tveimur persónum sem kljást í sálfræðilegri baráttu um hugarforráði. Hjólin elska hvort annað, en frægasta afbrigði ástarinnar, heftin, eitru líf þeirra og þau keppast leynt og ljóst að því að klekkja fólkskulega hvort á öðru. Hann er lærður fulltrúi feðravelisins – sálfræðingur með stórmennskubrjálæði, sem telur sig útvalinn frelsara konu sinnar. Hún er þjókuð sálarsýki, á gandreið óbeislaðar undirmeðvitundarinnar og knúin af dauðahvöt... Framvindan er órókleg, söguþráðurinn rýr og lítið um haldbæran boðskap. Þetta er því ekki hefðbundin frásagnarkvikmynd sem stýrir meginstraumsáhorfi og er rík af skemmtanagildi. Andkristur býður upp á mikla fræðilega umræðu og túlkun, en það má finna henni til foráttu að hún er fólkskuleg árás á vammlausu blygðunarkennd áhorfenda. Blöskrun þeirra og umtal eykur þó kaldhæðnislega hróður myndarinnar sem verður vafalaust titluð meistarakverk ef hún hlýtur einhvern tímann náð.



Hjördís Stefánsdóttir

Leiklist

Borgarleikhúsið - Heima er best

Á hverjum degi leika þeir feðgar leikrit, eins konar farsa sem faðirinn hefur samið. Hann þvingar bræðurna til að taka þátt í skrípaleikum og þurfa þeir að leika allar persónur verksins nema persónu föðurins. Sagan sem er leikin byggist á fortíð manna á Írlandi og er afskræmdur veruleiki þess sem í raun gerðist. Þessi farsa er tilvistargrundvöllur fjölskyldunnar, heldur



henni saman og án hans kemst „efinn inn um dyrnar“... Jón Páll Eydólfsson leikstjóri hefur yfirleitt ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur og hefur útfært verkið af mikilli natni. Leikritið flokkast undir kolsvarta kómíediu en andlegt ofbeldi og hryllingur eru ekki langt undan. Það verður að viðurkennast að verkið minnti nokkuð á sýninguna Vestrið eina sem sýnt var á síðasta leikári. Þar var einnig á ferð írskt verk, með sama leikstjóra og aðalleikara og fjallaði einnig um sérkennileg samskipti bræðra. En við uppsetningu á Nýja sviði Borgarleikhússins er valinn maður í hverju rúmi. Leikararnir standa sig allir með mikilli þrýði, skipta um hlutverk vandkvæðalaust án þess að fípast og fara vel með textann.

Ingibjörg Þórisdóttir

Myndlist

Kling & Bang gallerí – Andvökur. Samsýning nýu kan-

adískra listamanna. Sýningu


lýkur 4. október. ★★★★★

Sýningarstjóri David Diviney, sem hefur áður komið við sögu hjá galleríinu, ku hafa sótt innblástur til Stephans G. Stephanssonar og samþættingu menningarstrauma sem Klettaskáldið hefur tekið á við í list sinni og gætir jafnvel ljóðrænna strauma á sýningunni... Svona samsýningar í galleríum, með þetta einu til tveimur verkum á mann, þykja mér sjaldan spennandi. En „Andvökur“ er margslungin sýning sem ber að gefa góðan tíma, vilji maður njóta hennar til fulls. Listamennirnir bregðast einkar vel við aðstæðum og ná að gefa rýminu heildstæða mynd. Spaugsemi er þar einkennandi og kemur hún til af vali sýningarstjóra fremur en að það séu séreinkenni á kanadískri list. Og fyrir mitt leyti hittir þessi sýning í mark.

Jón B. K. Ransu

Víkingar og skáld

Greinar og ritgerðir
e. Jónas Gunnar Einarsson



Vinja útgáfufélag - www.vinja.is